Samkvæmt úrskurði þessum var kjörskránni breytt og liggur hún frammi til sýnis framvegis í þingstofunni.

Fundi slitið.

V. Finsen    Ásmundur Johnsen

Ár 1858, miðvikudaginn hinn 29 September kl. 10 f.m. var í tilefni af alþingiskosningu þeirri, sem á að framfara fyrir Reykjavíkurbæ fyrir næstkomandi 6 ára kosningatímabil, í þingstofu bæjarins af alþingis kjörstjórninni fundur haldinn til þess að velja fyrir Reykjavíkur kaupstað þingmann og varaþingmann til alþingis. Fundur þessi hefir verið boðaður með skriflegri auglýsingu dagsettri 14 f.m. uppfestri á venjulegum stað, er var framlögð svolátandi: og hefir kjörskrá yfir kjósendur og kjörgenga á lögboðinn hátt legið til sýnis, og verið prentuð og 1 Exemplar sent hverjum kjósanda, var kjörskrá þessi framlögð til bókarinnar. Með auglýsingu dagsettri 27 f.m. hefir verið áskorað á hina ráð kjósendur gánga til atkvæðis og var þessi auglýsing einnig framlögð.

Eptir að erindisbréf kjörstjórans frá 24 marts 1843 hafði verið lesið upp og kjörstjórnin hafði brýnt kjósendunum til, hversu áríðandi það væri að kosningarnar tækjust vel, var, þar eingar athugasemdir komu fram frá þeim mættu kjósendum, eptir nokkra dvöl gengið til atkvæða og fannst við samtalningu þeirra að fyrir höfðu fengið þau, úrskurðað at 34 atkvæði höfðu verið gefin alls, og hafði skólakennari H. K. Friðriksson fengið flest atkvæði nefnilega 24 atkvæði, og var því þessvegna lýst yfir fyrir kjósendunum, að téður skólakennari H. K. Friðriksson væri löglega kjörinn til alþingismanns. Þar á móti hafði enginn fengið helming þeirra atkvæða, sem

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gefin voru til varaalþingismanns þeirra sá sem hefir flest atkvæði, en þar eð málaflutningsmaður H. E. Johnsen hefir aðeins 13 27 atkvæði. Var því gengið aptur til kosningar á varaalþingismanni samkvæmt tilskipun 6 jan. 1857 § 7 og voru þá við þessa ítrekuðu kosningu gefin alls 14 atkvæði, og hafði málaflutningsmaður H. E. Johnsen flest atkvæði nefnilega 10 atkvæði og var því samkvæmt lögum lýst yfir á kjörfundinum, að téður málaflutningsmaður H. E. Johnsen væri löglega kosinn til varaalþingismanns.

Þannig var kjörfundinum slitið.

V. Finsen  M. Johannesen  H. Johnsen

Á 1864 þann 13 Ágúst var í tilefni af alþingiskosningu þeirri sem fyrir Reykjavíkurbæ á að eiga sér stað í Septembermánuði þ. á. fyrir næstkomandi 6 ára kosningatímabil fundur haldinn í kjörstjórninni sem bæjarfógetanum af alþingiskjörstjórn bænum í hverja ásamt bæjarfógetanum af honum hafa verið útnefndir herra yfirdómari J. Pétursson og cand. juris yfirréttar málaflutningsmaður P. Melsteð og tjáðu menn þessir að þeir hver um sig hefði fullnægt fyrirmælunum í tilsk. 8 Marts 1843.

Samkvæmt fyrirmælum tilskipunarinnar 6 Jan 1857 § 3 hefir verið samin listi yfir þá sem af bæjarfulltrúanum og dómkirkjuprestinum saminn listi yfir þá sem hafa kosningarrétt og kjörgengi hér í bænum dagsettur 29 Júní þ. á. sem var framlagður og var hann nákvæmlega yfirskoðaður af kjörstjórninni sem áður hinn 10 þ. m. hefir haft sérstaklegan fund með sér í þessu augnamiði, og var þannig með tilliti af téðum lista og með breytingum þeim sem tilefni fannst til, af kjörstjórninni samin kjörskrá yfir kjósendur og kjörgenga við þá umræddu kosningu, hver kjörskrá nú verður lögð fram almenningi til sýnis.

Fundi slitið.

A. Thorsteinson, Jón Pétursson, Páll Melsteð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1864 þann 27 Agúst var af alþingiskjörstjórninni í Reykjavíkurkaupstað fundur haldinn á bæarfógeta skrifstofunni í tilefni þess að kjörskráin nú hefir legið til sýnis á bæarþingstofunni í 14 daga.

Formaður kjörstjórnarinnar lýsti því yfir að engin mótmæli eða athugasemdir hefði komið gegn hinni framlögðu kjörskrá og var ákveðið að hún á lögboðinn hátt skyldi verða prentuð og útbýtt meðal kjósendanna.

Þarnæst var ákveðið að kjörfundurinn skyldi verða haldinn þann 29 Septembermánaðar eða á Mikaelsmessu.

Fundi slitið

A Thorsteinson Jón Pétursson, Páll Melsted

Ár 1864 fimtudaginn hinn 29 Sept. kl. 10 f.m. var í tilefni af alþingiskosningu þeirri, sem á að fram fara fyrir Reykjavíkurbæ fyrir næstkomandi 6 ára kosningartímabil í þingstofubyggingunni af alþingiskjörstjórninni fundur haldinn til þess að velja fyrir Reykjavíkurkaupstað þingmann og varaþingmann til alþingis. Fundur þessi hefir verið boðaður með skriflegri auglýsingu, dags. 15 þ.m., uppfestri á vanalegan hátt, er var framlögð svolátandi: + + + og hefir kjörskrá yfir kjörbæra og kjörgenga á lögboðinn hátt legið til sýnis og verið prentuð og 1 ex. sent hverjum kjósanda; var kjörskrá þessi framlögð til bókarinnar. Í fyrnefndri auglýsingu hefir og verið ákveðið í hvaða röð kjósendur gengju til atkvæða.

Eptir að erindisbréf kjörstjórans frá 24. Marts 1843 hefði verið lesið upp og kjörstjórnin hafði bent kjósendum til hversu áríðandi það væri að kosningarnar tækist vel var þar engin athugasemd komin fram eptir nokkra [illegible] gengið til atkvæða.

Þá er kjósandinn No 3 á kjörskránni Arnkell Scheving átti að kjósa alþingismann tilnefndi hann Herra S Jacobsen sem ekki er tilfærður á hinni framlögðu kjörskrá og þá er kjörstjórninni gjörð athugasemd um þetta og að af því leiddi, að sönnun yrði að framfærast

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

umkvœmt tilskipun 6 Jan. 1857 gr. 6. bedi fyrir ad hr.
S Jacobsen væri kjörgengur og ekki tæki ámóti kosningu.
Þar að auki framlagdi kjörandi herra Organist P. Gud-
johnsen upplýsingu frá herra Jacobsen ad hann taki ámót
kosningu, svo og afsalsbref fyrir fasteign Skeidarendakoti
i Eyjafjardarsýslu og Saltvík i Borgarfjardarsýslu, og
fram tjádi ad herra S Jacobsen ekki hefdi framlagt borgara
bref sitt i Reykjavík og ef ad hann ekki hefdi goldid til sveitar
i Reykjavík frá þeim tíma að hann hefdi verid ókrafinn, og áliti hann ad herra S Jacobsen
eptir þvi framlagda skjali svo og eptir hans persónulegri
stödu hér i bænum, þó hann ekki sé ávallt hér til
stadar sé danskur þegn og kjörgengur. Innleti herra Gudjohnsen svo
málefni þetta til úrskurdar, sem féll þannig

Úrskurdur

Þared kjörstjórninni ekki er nógilega kunnugt, ad
kaupmadur Sveinbjörn Jacobsen vanti þá hæfilegleika
er svipti hann kjörgengi til alþingis, hlýtur hún ad
álita, eptir hinum framkomnu upplýsingum, ad
ekki sé nógileg ástæda til ad meina mönnum ad
kjósa hann, þó hann ekki standi á kjörskránni.

Jón Pjetursson          Páll Melsted

Med skýrskotun til ágreiningsatkvædis
míns framlagts.          A Thorsteinson

Eptir ad greidd voru atkvædi spurdi kjörstjórnin þá sem vidvoru
hvort þeir hefdi nokkud ad athuga vid kosningargjördina samkv.
32 gr. i tilsk. 8 Marts 1843 og lýsti herra yfirréttar málsfærslumadur
Jón Gudmundsson því yfir ad hann fyrir sitt leyti ekki hefdi neitt
ad athuga vid hina vidhöfdu kosningaradferd, en mótmælti
i alla stadi lögmæti úrskurdar þess er hér hefir verid uppkvedinn
i dag og þeirri atkvædagreidslu er þarafleidandi er framkomin
parium skilyrdum i tilsk. 6 Jan 1857 § 5 ekki er fullnægt.
sinnum til ritsins Uppl. staf.

Voru þarnæst atkvæði talin saman og voru af 112 atkvæðagreiðendum greidd samtals 72 atkvæði af þeim hafði kaupmaður S Jacobsen hlotið 41 atkvæði sem aðalþingmaður og bóndi Magnús Jónsson í Bráðræði 48 atkvæði sem varaþingmaður.

Var samkvæmt þessu lýst yfir að kaupmaður Sv. Jacobsen og bóndi Magnús Jónsson á Bráðræði væri rétt kjörnir hinn fyrrnefndi sem alþingismaður í Reykjavík og hinn síðarnefndi sem varaþingmaður í Reykjavík

Fundi slitið.

A Thorsteinson, Jón Pjetursson Páll Melsted

Ár 1869 þann 15 Maí mánaðar var af kjörstjórninni í Reykjavík fundur haldinn á bæarfógeta skrifstofunni í tilefni af því að kjörskráin nú hefir legið til sýnis á bæarþingstofunni í 14 daga.

Formaður kjörstjórnarinnar lýsti því yfir að engin mótmæli eða athugasemd hefði komið gegn hinni framlögðu kjörskrá og var ákveðið að hún á lögákveðinn hátt skyldi verða prentuð og útbýtt meðal kjörendanna.

Þarnæst var ákveðið að kjörfundurinn skyldi verða haldinn þann 17da Júní þessa árs eða á Bótólfsmessu kl 11 f.m.

Fundi slitið

A Thorsteinson Jón Arnason H Guðmundsson

Ár 1869 fimmtudaginn hinn 17. Júní kl. 11 f.m. var í tilefni af Alþingiskosningu þeirri, sem fram á að fara fyrir Reykjavíkurbæ fyrir næstkomandi 6 ára tímabil sam-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

komt opnu brjefi 26. februar þ.á., á þingstofu bæjarins af alþingiskjörstjórninni fundur haldinn til þess að velja fyrir Reykjavíkurkaupstað þingmann og varaþingmann til alþingis. Fundur þessi hefur verið boðaður með skriflegri auglýsingu, dagsettri 26. f.m. uppfestri á vanalegan hátt, er fram var lögð svo hljóðandi " " " og hefur kjörskrá yfir kjörbæra og kjörgenga á lögboðinn hátt legið til sýnis, og verið prentuð, og 1 ekspl. sent hverjum kjósenda. Var kjörskrá þessi framlögð til bókarinnar. Í fyrrnefndri auglýsingu hefur og verið ákveðið, í hvaða röð kjósendur gengju til atkvæða.

Eptir að erindisbrjef af 24. Marts 1843 hafði verið upplesið og kjörstjórnin hafði bent kjósendum til, hversu áríðandi það væri að kosningar tækjust vel, Var, þar engar athugasemdir komu fram gegn kjörskránni, eptir nokkra dvöl gengið til atkvæða.

Að atkvæðagreiðslunni lokinni voru atkvæði talin saman, og höfðu af 122, er atkvæðisrjett áttu, 69 greitt atkvæði. Af þeim hafði skólakennari Halldór Kristján Friðriksson hlotið 69 atkvæði, eða öll þau er greidd voru, sem aðalþingmaður, og málaflutningsmaður Páll Melsteð 44 atkvæði sem varaþingmaður.

Var samkomt þessu lýst yfir, að skólakennari Halldór Kr. Friðriksson og málaflutningsmaður Páll Melsteð væri rjett og löglega kjörnir, hinn fyrrnefndi sem alþingismaður og hinn síðarnefndi sem varaþingmaður í Reykjavík.

Kjörfundinum slitið

A. Thorsteinson. Jón Árnason Jón Guðmundsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1874 mánudaginn 17. ágústmán. var fundur haldinn útaf kosningu þeirri til alþingis, er fram á að fara fyrir Reykjavíkur kaupstað í septembermán. þ.á. fyrir næsta 6 ára kosningartímabil. Var fundurinn haldinn í húsum bæjarfógetans af alþingiskjörstjórn bæjarins, og voru í hana kvaddir af bæjarfógetanum ásamt honum yfirdómararnir Jón Pjetursson og Magnús Stephensen, og tjáðu þeir, að þeir hver um sig hefðu áður fullnægt fyrirmælunum í tilsk. 8. marz 1843 16. grein.

Samkvæmt tilsk. 6. janúar 1857 § 3 hefir oddviti bæjarstjórnarinnar og dómkirkjuprestsins samið lista yfir þá, sem hafa kosningarrjett og kjörgengi hjer í bænum, dagsettan í dag, sem var framlagður og var hann nákvæmlega yfirskoðaður af kjörstjórninni, og var þarnæst með hliðsjón af tjeðum lista, og með breytingum þeim, sem tilefni þannst til, af kjörstjórninni samin kjörskrá yfir kjósendur og kjörgenga við nefnda kosningu, og verður sú kjörskrá lögð fram í dag almenningi til sýnis.

Fundi slitið.

J. Sveinbjörnsson Jón Pjetursson. Magnús Stephensen.

Ár 1874 miðvikudaginn 2. septembermán. átti kjörstjórnin aptur fund með sjer í tilefni af því, að kjörskráin nú hefir legið frammi til sýnis í yfir 14 daga á bæjarþingsstofunni.

Formaður kjörstjórnarinnar lagði fram tvær umkvartanir, sem inn voru komnar, yfir því að vera útilokaður af kjörskránni, aðra frá Snorra dýralækni Jónssyni dags. 20. f.m. og hina frá Jóni Borgfirðing lögregluþjóni dags. s. d., og var útaf þeim uppkveðinn svo látandi

Úrskurður:

Að því er snertir umkvörtun Snorra dýralæknis Jónssonar, þá þer kjörstjórnin ekki sjeð, að hann sje í neinni þeirri stöðu, sem sett er sem skilyrði fyrir kosningarrjetti til alþingis í 17. grein stjórnarskrárinnar, og sjerílagi verður hann ekki skoðaður sem embættismaður, þarsem ekkert dýralæknisembætti er enn stofnað hjer á landi, nje

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heldur verður álitið, að dýralæknispróf það, er hann hefir tekið við dýralækningaskólann í Kaupmannahöfn, verði sett jafnhliða prófum þeim, sem nefnd eru í 4ðu grein litra e. Sama er að segja um umkvörtun Jóns lögregluþjóns Borgfirðings, að hann heldur ekki fullnægir skilyrðum þeim, sem sett eru í opt nefndri grein, og að því leyti sem hann hefir tekið fram, að hann sje skipaður af stiptamtmanni sem lögregluþjónn, þá getur kjörstjórnin ekki álitið að lögregluþjónar sjeu embættismenn, enda er hann aðeins skipaður fyrst um sinn, og eptir orðum veitingarbrjefsins aðeins uppá 1 ár.

Því úrskurðast:

Umar fram komnu umkvartanir verða ekki teknar til greina.

Báðir þeir, sem kvartað höfðu, voru viðstaddir, og var þeim lesinn úrskurðurinn. Kjörskráin verður síðan lögð fram aptur og verður framvegis til sýnis á bæjarþingstofunni í hinn lögákveðna tíma; en kjörstjórnin fann ekki ástæðu til að láta prenta kjörskrána.

Var því næst ákveðið, að kjörfundurinn skyldi haldinn 29. septembermánaðar þ.á. eða í Mikjálsmessu kl. 11 f.m.

Fundi slitið.

A Thorsteinson, Jón Pjetursson, Magnús Stephensen.

Ár 1874 þriðjudaginn 29. septembermán. kl. 11 f.m. var í tilefni af alþingiskosningu þeirri, sem fram á að fara fyrir Reykjavíkurbæ fyrir næstkomandi 6 ára tímabil samkv. opnu brjefi þ.á. í þingstofu bæjarins af alþingiskjörstjórninni fundur haldinn til þess að velja fyrir Reykjavíkur kaupstað þingmann til alþingis. Fundur þessi hefir verið boðaður með skriflegri auglýsingu dags. á vanalegan hátt, og var hún lögð fram svo látandi og hefir kjörskrá yfir kjörbæra og kjörgenga á lögboðinn hátt legið til sýnis. Var kjörskrá þessi framlögð til bókarinnar. Í fyrnefndri auglýsingu hefir og verið ákveðið, í hvaða röð kjósendur gengju til atkvæða.

Eptir að kjörstjórnin hafði bent kjósendum til, hversu áríðandi það væri, að kosningar tækjust vel, var eptir nokkra dvöl gengið til atkvæða. Að atkvæðagreiðslunni lokinni voru atkvæði talin saman og höfðu af 166, er atkvæðisrjett áttu, 81 greitt atkvæði. Af þeim

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hafði skólakennari Halldór Friðriksson hlotið 40, Árni Thorsteinsson landfógeti 29, Einar prentari Þórðarson 15 og Magnús assessor Stephensen 2 atkvæði.

Var samkvæmt þessu lýst yfir, að yfirkennari Halldór Friðriksson væri rjett og löglega kjörinn sem alþingismaður fyrir Reykjavík.

Kjörfundinum slitið.

J. Sveinbjörnsson Jón Pjetursson. Magnús Stephensen.

Ár 1874 laugardaginn hinn 31. Oktober kl. 12. fádegi var kjörfundur fyrir Reykjavíkurkaupstað settur til þess að kjósa alþingismann fyrir Reykjavík um næsta 2 ára tímabil í stað yfirkennara Halldórs Friðrikssonar, sem 14. þ. m. hefur afsalað sjer kjörbrjefi sínu. Brjef hans þaraðlútandi var framlagt og upplesið. Kjörfundur þessi hefur verið boðaður með uppslætti á 2 stöðum með meira enn 14 daga fresti og bumbuslætti í dag, en kjörskrá þótti ekki þurfa að leggja fram aptur. En hún var lögð fram á fundinum. — Var svo brýnt fyrir kjósendum, hve mikið riði á, að kosningin færi fram, tækist vel. Var brjef Halldórs Friðrikssonar, sem áður er framlagt, lesið upp. Jón málaflutningsmaður Guðmundsson bað bókað sem athugasemd, að hann væri í efa um, að kosning þessi, sem í dag á að framfara, geti orðið gild og góð, af því kjörskrá hafi ekki legið frammi síðan kjörfundur þessi var birtur. Þá var gengið til atkvæða og gáfu 82 kjósendur atkvæði; af þeim hlaut yfirkennari Halldór Kr. Friðriksson 47 en Árni Thorsteinsson 35. —

Var samkvæmt þessu lýst yfir, að yfirkennari Halldór Friðriksson væri rjett og löglega kjörinn alþingismaður fyrir Reykjavík.

Kjörfundi slitið. —

J. Sveinbjörnsson Jón Pjetursson. Magnús Stephensen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1880 Miðvikudaginn hinn 1 September kl 12 á hádegi var kjörfundur fyrir Reykjavíkur kaupstað settur til þess að kjósa alþingismann fyrir Reykjavík um næstu 6 ára tímabil í stað yfirkennara Halldórs Friðrikssonar samkvæmt opnu bréfi 27 febr 1880. Kjörskrá yfir alla kjósendur hefir verið samin og framlögð til sýnis á vanalegum auglýsingarstað, svo og kjörfundurinn fyrirfram boðaður með löglegum fyrirvara 15. júlí þ. á. allt samkvæmt lögum 14 Sept 1877.

Formaður kjörstjórnarinnar las upp opið bréf 27 Febr. 1880 og beiddi athygli kjósandanna um tilgang kosningarinnar og hve mikils varðandi það væri.

Hann tilkynnti síðan þá menn hefðu boðið sig fram, nl. Yfirkennara Halldór Friðriksson, með hverjum mælt hefðu Amtmaður B Thorberg kaupmaður N Zimsen járnsmiður B. Hjaltested og [illegible] G Þórðarson, samt prentsmið Einar Þórðarson með hverjum mælti verzlunarmaður Þorl. O Johnson.

Formaðurinn gaf meðmælendum og þeim mönnum er höfðu boðið sig fram kost á að taka til máls. Eptir að þeir menn er höfðu gefið kost á sér höfðu tekið til máls, og skorað hafði verið á nýja á þá er við voru staddir hvort þeir vildu bera spurningar fyrir þingmannaefnin og meðmælendur þeirra, og fleiri óskuðu ekki að taka til máls sagði formaður kjörstjórnarinnar umræðunum slitið og var svo gengið til atkvæða.

Að atkvæðagreiðslunni aflokinni voru að tveim stundum liðnum kl. 2 e. m. voru atkvæði talin saman. Af 236 kjósendum höfðu 84 gefið atkvæði. Af þeim hlaut Yfirkennari Halldór Friðriksson 80 atkvæði en prentsmiður Einar Þórðarson 4 atkvæði.

Var samkvæmt þessu lýst yfir að yfirkennari Halldór Friðriksson væri kosinn löglega sem alþingismaður í næstu 6 ár og verður honum veitt kjörbréf.

Kjörfundi slitið.

Magnús Stephensen   E Th Jónassen   A Thorsteinson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1886 mánudaginn hinn 7. Júní kl. 12 á hádegi var kjörfundr fyrir Reykjavíkurkaupstað settur til þess að kjósa þingmann fyrir Reykjavíkurkaupstað til alþingis um næsta 6 ára tímabil samkvæmt opnu bréfi 2 Nov 1885 í stað hins fyrrv. alþingismanns yfirkennara Halldórs Friðrikssonar.

Kjörskrá yfir alla kjósendur hefir verið samin af bæarstjórn Reykjavíkur og samkvæmt vottorði bæarfógeta dags. 21 Mai 1885 lögð fram til sýnis á lögákveðnum tíma. Kjörfundur þessi hefir fyrirfram verið boðaður með lögboðnum fyrirvara.

Formaður kjörstjórnarinnar las upp opið bréf 2 Nov 1885 og benti athygli kjósendanna að tilgangi kosningarinnar og hve mikilsvarðandi það væri.

Hann tilnefndi síðan þá menn sem höfðu boðið sig fram og voru það

Héraðslæknir Dr med J Jónassen: með honum mæltu
Lektor Hl. Hálfdánarson
Dr Björn M. Olsen
Olafur Olafsson
Magnús Vigfússon
K. Olafsson.

Fimleikakennari Olafur Rosenkranz með honum mælti
ritstjóri Jón Olafsson

Yfirkennari Halldór Friðriksson bauð sig sjálfur fram á fundinum og mælti með honum
kr. Guðm. Þórðarson á Hól.

Formaðurinn gaf meðmælendum og þeim mönnum er höfðu boðið sig fram kost á að taka til máls. Eptir að þingmannaefnin og þeir af meðmælendum þeirra, er þess óskuðu, höfðu tekið til máls, og spurningar nokkrar verið lagðar fyrir þingmannaefnin sem þeir svöruðu, ~~og~~ og þegar enginn frekar óskaði að taka til máls, sagði formaðurinn atkvæðaumræð-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

unum lokið og var síðan gengið til atkvæða.
Kl. 2,35' þegar hlje varð á að ~~ne~~ atkvæðagreiðslunni skoraði formaður á menn í heyranda hljóði að gefa sig fram innan hálfrar stundu, ef þeir vildu neyta kosningarrjettar síns. Að þessari stundu liðinni þegar eigi fleiri gáfu sig fram, þó á menn væri skorað [var atkvæðagreiðslu sagt slitið], voru þá atkvæði talin saman og höfðu ~~þá~~ greitt atkvæði samtals 124. Af þeim hlaut Dr. med. hjeraðslæknir Jónas Jónassen 82 atkv., Halldór Kr. Friðriksson yfirkennari 34 atkvæði og fimleikakennari Ólafur Rosinkranz 8 atkv. Var samkvæmt þessu lýst yfir að dr. Jónas Jónassen væri löglega kosinn þingmaður Reykvíkinga fyrir næstu 6 ár frá 1. júlí þ.á. að telja, og verður honum veitt kjörbrjef.

Jón Jensson
settur.
H. Sveinbjörnsson
J. Thorsteinsson

Ár 1892, 10. dag septembermán. kl. 12 á hádegi var kjörfundur fyrir Reykjavíkur kaupstað settur á bæjarþingstofunni til þess að kjósa þingmann fyrir Reykjavíkur kjördæmi til alþingis næstu 6 ára tímabil samkvæmt opnu brjefi 26 febrúar 1892.

Kjörskrá yfir alla kjósendur sem hefur verið samin af bæjarstjórn Reykjavíkur og legið almenningi til sýnis lögboðinn tíma ~~var~~ lagði fram. Kjörfundur þessi hefur verið ~~auglýstur~~ boðaður með 4 vikna fyrirvara í blaðinu Ísafold og með uppfestum auglýsingum.—

Formaður kjörstjórnarinnar las upp áðurgreint opið brjef 26. febr. þ.á, og leiddi athygli kjósenda að því, hver tilgangur kosningarinnar væri og hverir [illegible]

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þim væri. Tilnefndi hann þá þingmannsefni er hafði boðið sig fram skriflega við kjörstjórnina, og var það yfirkennari Halldór Kr. Friðriksson, mælti Geir kaupmaður Zoëga fram með kosningu hans. Dómkirkjupresturinn síra Jóhann Þorkelsson bauð sig sjálfur fram á fundinum og mælti Björn Jónsson ritstjóri og Indriði revisor Einarsson með kosningu hans.

Meðmælendum þingmannsefnanna og þingmannsefnunum var gefinn kostur á að taka til máls, og sömuleiðis kjósendum að leggja spurningar fyrir þingmannsefnin, og er þeir höfðu talað sem vildu, sagði formaður umræðunum lokið. Síðan var gengið til atkvæða, þannig að kjósendur voru allir kallaðir fram samkvæmt kjörskránni, og eptir að kjörskráin hafði verið lesin upp var tekið á móti atkvæðum þeirra kjósenda er síðar gáfu sig fram. Kl. $1\frac{3}{4}$, er hlje varð á atkvæðagreiðslunni, ~~sagði~~ skoraði formaður kjörstjórnar ~~því yfir~~ í heyranda hljóði ~~að þeir sem allir eptir að~~ á kjósendur að gefa sig fram innan hálfrar stundar, ef þeir vildu kjósa. — Að þeim tíma liðnum, og er fleiri gáfu sig eigi fram til að kjósa, var atkvæðagreiðslunni lokið. Voru þá talin saman atkvæðin, og höfðu 157 kjósendur kosið; hafði yfirkennari Halldór Kr. Friðriksson hlotið 101 atkvæði, en Jóhann dómkirkjupresturinn Þorkelsson 56 atkvæði. Samkvæmt þessu lýsti kjörstjórnin því yfir, að yfirkennari Halldór Kr. Friðriksson væri löglega kosinn alþingismaður Reykjavíkur kjördæmis næsta 6 ára tíma, og útfyllti kjörstjórnin þegar fram og undirskrifaði kjörbrjef handa honum.

Var svo kjörfundinum slitið kl. $2\frac{1}{2}$ e. hádegi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Halldór Daníelsson    Eiríkur Briem.    Jón Jensson

Ár 1894, 8. dag júnímán. kl. 12 á hád. var kjörfundur fyrir Reykjavíkur kaupstað settur og haldinn á þinghúsi bæjarins af undirritaðri kjörstjórn ~~til að kjósa~~ þingmann fyrir Reykjavíkur kjördæmi til alþingis næstu 6 ára tímabil samkvæmt opnu bréfi 29. sept. 1893. L

Kjörskrá ásamt aukaskrá yfir alla kjósendur kjördæmisins, 379 að tölu, samin af bæjarstjórn Reykjavíkur, var lögð fram, og hefur hún legið kjósendum til sýnis lögákveðinn tíma, frá 21. apríl 1893.

Kjörfundur þessi hefir verið boðaður á venjulegan hátt með auglýsingum í blaðinu Ísafold með 4 vikna fyrirvara og með bumbuslætti 1 kl.st. á undan kjörfundi.

Formaður skýrði frá, að 3 þingmannaefni hefðu boðið sig fram fyrir kjördæmið, þeir H. Kr. Friðriksson yfirkennari, Hannes Hafstein landritari og Jón Jensson yfirdómari, og lagði No 42 ~~fram~~ skriflegt tilboð frá H. Friðrikssyni ásamt yfirlýsingu frá 3 kjósendum um að velja með honum, og nr. 3. Tilboð frá Jóni Jenssyni um að hann byði sig fram til þingsetu.

Öll þingmannsefnin voru stödd á kjörfundinum og mæltu með kosningu þeirra þessir kjósendur:

Með kosningu H. Friðrikssonar mælti Magnús úrsmiður Benjamínsson, með kosningu H. Hafsteins Björn M. Olsen adjunkt, með kosningu Jóns Jenssonar Ólafur Rosenkranz kennari.

L Formaður kjörstjórnarinnar las upp áðurgreint opið bréf, og minnti þá næst kjósendur á tilgang og þýðingu kosningarinnar.

Meðmælendum þingmannaefnanna og þingmannaefnunum var gefinn kostur á að taka til máls, og kjósendum sama

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

leitir að leggja spurningar fyrir þingmanns-efnum og meðmælendum þeirra. Er þessir höfðu tekið til máls sem þess æsktu, var undantum lokið gengið til atkvæða, og voru kjósendur kallaðir fram eptir kjörskránni; að því loknu var tekið á móti atkvæðum þeirra, er eigi höfðu gefið sig fram þegar kjörskráin var lesin upp; og er hlje varð á atkvæðagreiðslunni, setti kjörstjórnin 1/4 stundar frest til að bíða eptir þeim, er þá höfðu eigi komið, og var jafnframt í heyranda hljóði skorað á kjósendur, sem ekki höfðu greitt atkvæði, að gjöra það. Atkvæði voru rituð af kjörstjórninni í kjörskrá og atkvæðaskrá, og nafn kjós-enda og þingmannsefnis þess er þeir kusu lesið upp hátt jafnóðum og þeir greiddu atkvæði. Kl. 2 e. m. var atkvæðagreiðslunni lokið. Voru atkvæði talin saman, og hafði Jón yfirdómari Pjetursson fengið 86 atkvæði, Hannes Hafstein 68 atkvæði, og Halldór Friðriksson 25 atkvæði. Varð svo kosning þannig árangurs-laus, með því að enginn af þingmannsefnunum hafði fengið meira hluta þeirra at-kvæða, sem greidd voru. Kjörstjórnin lýsti yfir þessum úrslitum, og var síðan gengið til kosningar af nýju og á sama hátt. Var kjörskráin lesin í heyranda hljóði, og síðan tekið á móti ~~kosningunum~~ atkvæðum, meðan ekki varð hlje á; var atkvæðagreiðslunni lokið kl. 3 1/2 e. h. eptir að kjörstjórnin hafði sett stuttan frest, til að bíða eptir ókomnum kjósendum. Atkvæði voru þá talin saman og urðu úrslit kosningarinnar að

Jón Jensson yfirdómari hlaut 86 atkvæði
Hannes Hafstein landritari — " — 70 — " —
Halldór Friðriksson yfirkennari — " — 13 — " —

Hafði Jón yfirdómari þannig fengið meiri hluta allra hinna greiddu atkvæða, og lýsti kjörstjórnin því yfir, að hann væri löglega kosinn alþingismaður fyrir Reykjavíkur kjördæmi næstu 6 ár. Afhenti kjörstjórnin og undirskrifaði kjörbréf handa honum. Var svo kjörfundinum slitið kl. 3 3/4 e. h.

Halldór Daníelsson    Sveinbjörnsson    Eiríkur Briem.

Ár 1900, miðvikudaginn 12. september ~~kl~~ 12 á hád. var kjörfundur ~~haldinn~~ í Iðnaðarmannahúsinu í Reykjavík ~~og haldinn~~ til þess að kjósa alþingismann fyrir Reykjavíkur kjördæmi næstu 6 ár, og var fundinum stjórnað af undirritaðri kjörstjórn. —

Oddviti ~~Formaður~~ kjörstjórnarinnar setti fundinn og las upp konungsbréf 2. marz þ. á. er fyrirskipar kosningar til alþingis á ~~nýja~~ yfirstandandi sumri. Hann leiddi þvínæst athygli kjósendanna að þýðingu og tilgangi kosninganna. Hann skýrði frá, að að þeir Jón yfirdómari Jensson og Tryggvi bankastjóri Gunnarsson hefðu tilkynnt kjörstjórninni, að þeir byðu sig fram til þingmensku fyrir Reykjavíkur kjördæmi, og að þeir Björn Jónsson ritstjóri, Ólafur Ólafsson bæjarfulltrúi og Ólafur Rósenkranz kennari tjá sig mæla fram með kosningu hins fyrnefnda, en þeir Jón bókavörður Jakobsson og Hannes prestur Halldórsson með Tryggva ~~Gunnarssyni~~

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

 kjörfundar. Meðmælendur þingmanns-
efnanna gengu fram og staðfestu meðmæli
sín, og var þeim og þingmannaefnunum
gefinn kostur á að taka til máls. Einnig var
kjósendum gefinn kostur á að leggja spurningar
fyrir þingmannaefnin, sem þau svöruðu.
Var svo slitið umræðunum.
~~Oddvitinn~~ kjörstjórnarinnar gat þess: að
kjörfundurinn hefði verið boðaður með löglegum
fyrirvara og venjulegan hátt með uppfestum götu-
auglýsingum og bumbuslætti 1½ stundu fyrir
kjörfundinn; ennfremur að kjörskrá fyrir kjör-
dæmið hefði verið lögð fram á lögskipaðan hátt,
og að kjósendur samkvæmt henni væru 621
að tölu.

Því næst byrjaði atkvæðagreiðslan og var
lesin upp kjörskráin og tekið á móti atkvæðum
kjósenda eptir stafrófsröð, og jafnframt lesin
upp ~~alt~~ nöfn kjósenda og þingmannaefnis
hlutaðeiganda. Var atkvæðagreiðslunni haldið
áfram meðan kjósendur gáfu sig fram við-
stöðulaust. En er hlé varð á kosningunni ~~skor~~ skoraði oddviti kjörstjórnarinnar
í heyranda hljóði á þá kjósendur, sem ekki höfðu
greitt atkvæði, að gjöra það, og setti jafnframt
1/2 stundar frest til þess. Að þeim þessum fresti liðn-
um lýsti oddviti því yfir, ~~að~~ kl. 3,20 mín., að
atkvæðagreiðslunni væri lokið; ~~og fóru~~
~~með kjörs~~ eptir að kjörstjórarnir höfðu sett
sín atkvæði inn.

Því næst voru atkvæðaskráin og kjörskráin
bornar saman og talin saman atkvæði, og féllu
þau þannig, að kosningu hlaut

Tryggvi bankastjóri Gunnarsson með 212 atkv.
Yfirdómari Jón Jensson hlaut 180 atkv. og
voru þannig greidd alls 392 atkvæði.

Samkvæmt þessum úrslitum lýsti
kjörstjórnin því yfir að Tryggvi banka-
stjóri Gunnarsson væri löglega kosinn

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þingmaðurinn fyrir Reykjavíkur kjördæmi. – og útfyllti kjörstjórnin kjörbréf handa honum.
Var svo kjörfundinum slitið kl. 4 e. hád.

Halldór Daníelsson G. Björnsson Jón Magnússon.

Ár 1902, miðvikudaginn 4. júní á hádegi var kjörþing haldið í Iðnaðarmannahúsinu í Reykjavík til að kjósa alþingismann Reykjavíkur kjördæmis næstu 6 ár. Kjörþinginu stýrði undirskrifuð kjörstjórn, Halldór Daníelsson bæjarfógeti sem oddviti og meðkjörstjórar, kosnir af bæjarstjórninni, Guðmundur Björnsson héraðslæknir og Jón Magnússon landritari.

Kjörþingið hefur verið boðað ~~með~~ með fullum 4 vikna fyrirvara í blaðinu Ísafold og með uppfestum götuauglýsingum.

Oddviti setti kjörþingið, las upp opið bréf 13. september 1901 um nýjar kosningar til alþingis, og leiddi athygli kjósendanna að tilgangi kosninganna og hversu mikils varðandi hún væri. Skýrði hann þá næst frá, að 2 menn hefðu tilkynnt kjörstjórninni bréflega, að þeir væru fúsir að taka á móti kosningu til alþingismanns fyrir kjördæmið þeir: ~~Jón~~

Jón yfirdómari Jensson, og voru meðmælendur hans Björn Jónsson ritstjóri, Jón Helgason prestaskólakennari, Ólafur Ólafsson bæjarfulltrúi og Ólafur Rósinkranz kennari — og

Tryggvi Gunnarsson bankastjóri, og voru meðmælendur hans þeir Lárus Halldórsson fríkirkjuprestur, Þorleifur Bjarnason skólakennari, Sigfús Eymundsson bóksali og Þorsteinn Þorsteinsson skipstjóri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~Þá~~ Kjörstjórninni bauð Jón bóksali Ólafsson sig fram til kosningar munnlega á kjörfundinum.

Þingmannaefnin og meðmælendur þeirra voru viðstaddir og ~~var~~ þeim ~~gefinn kostur á að taka til máls~~ stóðu meðmælendur við meðmæli sín; var þeim og þingmannaefnunum gefinn kostur á að taka til máls, og sömuleiðis kjósendum að leggja spurningar fyrir þingmannaefni og meðmælendur. – Eptir það sagði oddviti umræðunum slitið.

Þá var lögð fram kjörskrá kjördæmisins, 1901-1902, leiðrjett á löghaldinn hátt, og eru kjósendur að tölu 688. Var svo gengið til kosningar og tekið á móti atkvæðum ~~kosningar~~ viðstöðulaust til kl. 2.22 mín. Þá varð hlje á kosningunni; og ~~beykti~~ skoraði oddviti þá hátt og snjallt á kjósendur, sem enn eigi hefðu greitt atkvæði að gjöra það og setti svo leið ½ stundar frest til þess. Að þeim fresti liðnum og þegar fleiri kjósendur gáfu sig ekki fram ~~sagði oddviti~~ fyrir kjörstjórnina með atkvæði sín, og sagði oddviti síðan atkvæðagreiðslunni lokið.

Þá var borin saman kjörskráin við atkvæðaskrána, og ~~höfðu atkvæði fallið~~ og höfðu greitt alls 468 atkvæði, sem féllu svo að kosningu hlaut

Tryggvi bankastjóri Gunnarsson með 224 atkv., Jón Jensson yfirdómari hlaut 179 atkv. og Jón Ólafsson bóksali 5 atkv. – Kjörstjórnin lýsti því yfir samkvæmt þessum úrslitum að Tryggvi bankastjóri Gunnarsson væri löglega kjörinn alþingismaður fyrir Reykjavíkur kjördæmi næsta kjörtímabil, og útfyllti jafnframt og undirskrifaði kjörbrjef handa honum, er honum var afhent samstundis.

Var svo kjörfundinum slitið.

Halldór Daníelsson G. Björnsson Jón Magnússon.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1903 þ. 5. júní var kjörþing Reykjavíkur kjördæmis sett í Iðnaðarmannahúsinu til að kjósa þingmenn fyrir kjördæmið næstu 6 ár samkvæmt opnu brjefi 25 september 1902. Kjörþinginu stýrði undirrituð kjörstjórn: Halldór bæjarfógeti Daníelsson og meðkjörstjórar Guðmundur hjeraðslæknir Björnsson og Hannes Thorsteinsson kand. jur. Kjörþingið hefur verið boðað á venjulegan [struck through] hátt með uppfestum götuauglýsingum 4. f. m.

Oddviti kjörstjórnarinnar setti kjörþingið á hádegi, las upp hið opna brjef, sem fyr er getið og leiddi athygli kjósendanna að því, hver væri tilgangur kosningarinnar og hversu mikilsvarðandi hún væri. –

Þá skýrði oddviti frá því að 2 þingmannaefni hefðu boðið sig fram til kosninga, þeir
Jón Jensson yfirdómari, og mæltu þeir Geir Zoëga
Bjarni Jónsson adjunkt, Jón Jónsson sagnfræðingur
adjunkt fram með kosningu hans, og
Tryggvi Gunnarsson bankastjóri, og mæltu með kosningu hans þeir Lárus Halldórsson prestur, Þórleifur Bjarnason adjunkt og Þorsteinn Þorsteinsson skipstjóri. –

Meðmælendur þingmannaefnanna könnuðust við meðmæli sín. Þeim var gefinn kostur á að taka til máls, svo og þingmannaefnunum, þá var og kjósendum gefinn kostur á að leggja spurningar fyrir þingmannaefnin og meðmælendur þeirra. Að því búnu sleit oddviti umræðunum, og var gengið til kosninga samkvæmt kjörskránni, sem var lögð fram. Eru kjósendur tals. 759. – Þegar fleiri kjósendur gáfu sig eigi fram til að greiða atkvæði skoraði oddviti hátt og snjallt á þá, sem eigi hefðu greitt atkvæði að gjöra það og setti um leið hálfrar stundar frest til þess. Að þeim fresti var þert inn atkvæði oddvita

46. Meðkjörstjórar greiddu ekki atkvæði:
Voru atkvæði kjósendanna, er kosið höfðu, greidd alls eptir atkvæðaskránni og kjörskránni. Þá var kjörskráin og atkvæðaskráin borin saman og atkvæði talin saman. Höfðu verið greidd alls 468 atkvæði og fjellu þau þannig, að

Tryggvi Gunnarsson bankastjóri hlaut
244 atkvæði

en Jón Jensson yfirdómari hlaut 224 atkvæði.

Samkvæmt þessum úrslitum lýsti kjörstjórnin yfir, að Tryggvi Gunnarsson bankastjóri væri rjett kjörinn alþingismaður fyrir Reykjavíkur kjördæmi næstu 6 ár.

Var svo kjörfundinum slitið.

Halldór Daníelsson G. Björnsson Hannes Thorsteinsson

40 auðar blaðsíður

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Atkvæði

bæarfógeta V Thorstensen fram 24 Sept 1864 á kjör-
fundi í Reykjavík til að kjósa alþingismann

Þareð einúngis til er tekið í tilskipan 6 Janúar 1857 gr 4
þeir er kjósa vilja herra kaupmann V Jacobsen ~~fyrir~~ sem alþingis-
mann fyrir Reykjavík ekki hafa sannað fyrir kjörstjórn-
inni að herra V Jacobsen sé kjörgengur, og herra V Jacobsen
sem þó að því leyti almennugt er dvaldi hér í bænum hina
fyrstu 14 daga sem kjörskráin var framlögð til sýnis
á þingstofu Reykjavíkur kaupstaðar, ekki hefir sam-
kvæmt 21 gr tilskipanar 8 Marts 1843 krafist þess að
hann yrði tekinn á kjörskrána en þar er beinlínis
tiltekið að ef einhvörjum þykir sér ranglega sleppt
skuli hann innan þessa tíma heimta það og
síðan verði ekki umkvörtunum tekið, sbr 11 gr. í sömu
tilskipan þá leiðir af því að atkvæði það er herra
V Jacobsen er gefið sem til alþingismanns ekki getur
orðið tekið til greina.

Til þessa er og því fremur ástæða sem ekki verður
álitið að hr. V Jacobsen sé kjörgengur til alþingis þaraðauki
af því að ekki er fullnægt þessum skilyrðum til kjörgengis
1 Að herra V Jacobsen sem er búsettur erlendis einungis [illegible]
konunginum og hans niðjum en engum öðrum er skyldu-
naðar með persónulegri undirgefnisskyldu hvar sem hann
er tekið í tilsk 8 Marts 1843 § 5, i sbr tilskipun
6 Jan. 1857 gr. 2
2. Að hann í hið minnsta hafi um full fimm ár haft
aðsetur í löndum Danakonungs í Norðurálfunni
sbr tilsk 8 Marts 1843 § 5.4 og 6 Jan 1857 gr. 2
3 Að hann ekki svo kjörstjórninni sé kunnugt ~~hafi~~
greiði sem kaupstaðarborgari 4 rd á ári til [illegible]

BFJ G 18 10/64

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Að hann ekki verði álitinn kjörgengur þó hann
í fardögunum þareð eptir tilsk. 6 Jan. 1857 eingöngu
búsettir bændur sem hafa grasnyt og gjalda til allra
stétta (sveita) eru í kjörgengi, en fasteign gefur engum
slíkan rétt.

Því úrskurðast

Atkvæði það er herra S Jakobsen hefir verið
gefið til að vera alþingismaður fyrir Reykja-
vík verður ekki tekið til greina

A Thorsteinson

Lagt við kjörfundarbók Reykjavíkur 29 Sept
1864

A Thorsteinson, Jón Pétursson  Páll Melsteð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur